

Skýrsla gæðaráðs veturinn 2017-2018

Alma Oddgeirsdóttir
Guðjón H. Hauksson
Jón Már Héðinsson
Marsilía Sigurðardóttir
Sigurbjörg Níelsdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Þorbjörg Þorsteinsdóttir
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Efnisyfirlit

Hlutverk og markmið gæðaráðs.....	4
Þessi sitja í gæðaráði 2017-2018.....	4
Starf vetrarins 2017-2018	4
Gæðahandbók	4
Áætlun um sjálfsmat fyrir veturinn:.....	6
Úrbótatillögur í sjálfsmatsskýrslu 2015-2016.	6
Áfangaskýrslur	7
Persónuverndarlöggjöf.....	7
Menntabúðir:	7
Sharepoint og Teams:.....	7
Starfslýsingar og jafnlaunavottun	8
Áfangamat	8
Markmið	8
Forsendur	8
Fyrirkomulag/framkvæmd	8
Eftirfylgni	8
Áfangamat vor 2018.....	9
Áfangar í áfangamati vor 2018.....	9
Helstu niðurstöður	10
Námskrárvinna	12
Samvinna við VMA	13
Ytra mat á starfi skólans.....	13
Stofnun ársins.....	14
Stjórnendafundir	14
Breytingar á móttöku nýnema	14
Miðlæg stöðupróf.....	14
Gestir á stjórnendafundum	14
Ýmsir aðrir fundir	15
Næstu skref	15
Dæmi um viðfangsefni næsta árs:.....	15
Tillögur um umbætur	16
Starfsáætlun gæðaráðs	17
Veturinn 2017-2018	17

September	17
Október	17
Nóvember	17
Desember	17
Janúar	17
Febrúar	17
Mars.....	17
Apríl/maí.....	17
Maí.....	18
Maí/júní.....	18
Veturinn 2018-2019	18
Haustönn	18
Vorönn.....	18
Veturinn 2019-2020	18
Haustönn	18
Vorönn.....	18
Veturinn 2020-2021	18
Haustönn	18
Vorönn.....	18
Veturinn 2021-2022	19
Haustönn	19
Vorönn.....	19
Viðbrögð við ytra mati.....	20
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag.....	20
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	21
Þáttur 3: Samskipti og líðan	22
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður.....	24

Hlutverk og markmið gæðaráðs

Hlutverk gæðaráðs Menntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautastjórnum, skrifstofustjóra, skólaritara og þjónustustjóra tölvudeildar. Um miðjan vetur lét skólaritari af störfum og fjármálastjóri tók þá sæti í gæðaráði.

Gæðaráð fundar að jafnaði á þriggja vikna fresti en vinnur þess á milli að verkefnum í minni teymum. Stjórnendur funda vikulega og þar eru einnig rædd gæðamál. Gæðamálefni eru því í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundinum og falin í ábyrgð stjórnenda færð á verkefnalista og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Gerð var verkáætlun í framhaldi af ytri úttekt og sjálfsmatsáætlun.

Með ofangreindum hætti tvinnar Menntaskólinn á Akureyri daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.

Þessi sitja í gæðaráði 2017-2018

- Alma Oddgeirsdóttir
- Guðjón H. Hauksson
- Jón Már Héðinsson
- Marsilía Sigurðardóttir (tók sæti í ráðinu um áramót)
- Sigurbjörg Níelsdóttir (lét af störfum um áramót)
- Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
- Valdís Björk Þorsteinsdóttir
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Starf vetrarins 2017-2018

Gæðaráð fundaði vikulega yfir skólaárið, kl. 10 á fimmtudagsmorgnum á haustönn en á föstudagsmorgnum á vorönn. Haldnir voru sameiginlegir fundir á um það bil þriggja vikna fresti yfir skólaárið og sátu oftast allir meðlimir þá fundi, en þess á milli var unnið í smærri teymum að ákveðnum verkefnum.

Gæðahandbók

Á síðasta skólaári voru lögð drög að gæðahandbók fyrir skólann. Þá voru teiknaðir upp töluvert margir ferlar en átti eftir að setja þá upp á tölvutækt form.

Skrifstofustjóri og skólaritari fóru langt með að setja alla ferla frá fyrra ári á tölvutækt form.

Þeir ferlar sem búið er að teikna upp en eftir að setja upp í gæðahandbókinni:

Uppgjör áfanga
Prótokollar
Starfslok
Starfslýsingar

Starfsmannaviðtöl
Innritun nýnema
Innritun eldri nemenda
Kennsluáætlanir/námsáætlanir
Námsval nemenda
Gerð almanaks
Viðburðardagatal
Kennsluskipting
Fundatafla
17 júní - allt eftir
Auglýsingagerð
Skólaspjald

Þeir ferlar sem búið er að teikna upp og búið að setja upp í gæðahandbókinni en eiga eftir að fara í gegnum rýni

Afmæliskaffi
Ráðningar
Móttaka nýrra starfsmanna
Röðun í 1. bekki
Röðun í eldri bekki
Móttaka erinda- stjórnsluerindi
Móttaka erinda - Veikindi/leyfi
Framleiðsla hefta í afgreiðslu
Stundatafla
Viðveruuppgjör
Miðannarmats uppgjör
Prófstjórn
Námsmat og færsla einkunna
Framleiðsla prófa í afgreiðslu
Prófhald
Skipurit
Nemandi færður milli póstlista
Gerð námsmatsþátta
Gerð próftöflu
Sérúrræði í prófum
Ábendingar, kvartanir, umbætur, forvarnir
Skólasýn MA
Reglur tölvudeildar
Tekjuferlar
Dagsuppgjör frá skólaritara
Dagsuppgjör úr sjóðsvél

Í vetur var áhersla lögð á ferli við ábendingar og verklagsreglu um prófhald og skjöl tengd því og er sú vinna langt komin.

Áætlun um sjálfsmat fyrir veturinn:

September Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins og starfsrammi til þriggja ára þar á eftir. Uppfært á vef skólans. Fara yfir síðustu sjálfsmatsskýrslu og setja mál í ferli.

Október Undirbúa áfangakannanir og nýtt fyrirkomulag ákveðið. Rætt á fagstjórafundi.

Fara yfir skýrslu um ytra mat.

Nóvember Senda inn tillögur að úrbótum vegna ytra mats. Undirbúningur áfangakannana (fagstjórafundur)

Febrúar Undirbúa Hlýtt á nemendur.

Mars Hlýtt á nemendur og vinna úr niðurstöðum.

Apríl/maí Áfangakannanir lagðar fyrir.

Maí Úrvinnsla áfangakannana.

Maí/júní Vinna að umbótaáætlun.

Áætlunin náði þó ekki alveg fram að ganga því ákveðið var að fresta því að leggja fyrir Hlýtt á nemendur vegna anna.

Úrbótatillögur í sjálfsmatsskýrslu 2015-2016.

Skýrslan hafði verið kynnt á stjórnendafundi fyrir ári síðan en ekkert verið bókað um það. Hún var því tekin fyrir aftur, farið í allar umbótatillögurnar og eftirfarandi bókað:

- Endurskoðun á áfangamati: Málið verður tekið upp á fagstjórafundi. Undirbúið á haustönn og gerðar tillögur að breytingum (hluti gæðaráðs mun vinna að þessu).
- Úttekt á miðannarmati: Námsráðgjafar verða boðaðir á stjórnendafund í október (17. október). Áður hefur verið fjallað um uppbyggingu miðannarmats á fagstjórafundi.
- Námsmat: búið er að gefa út viðmið um vægi verkefna á síðustu vikum annar. Námskrárnefndin fjallaði um þau mál.
- Búið að kanna hvort fjármálalæsi sé sinnt sérstaklega, og svo er ekki þótt að einhverju leyti sé það fléttað inn í lífsleikni og hagfræði.
- Hlýtt á nemendur verður áfram, gert ráð fyrir í sjálfsmatsáætlun strax á vorönn og svo á eins og hálfis árs fresti.
- Fylgjast með að námsmat og kennsla sé áfram fjölbreytt: skilum á námsáætlun hefur verið tekið fastari tókum og því verður auðveldara að gera svona úttekt aftur. Gera á þriggja ára fresti. Móta vinnulag við hvernig úttektin er gerð.
- Hefur verið boðið upp á listgreinar í vali og á haustönn eru tveir áfangar kenndir. Eins er verið að ræða um samstarf við VMA og mögulega geta nemendur tekið listgreinaáfangar þar.
- Álagstöflur eru nú gerðar fyrir alla fjóra bekkina. Þarf að tryggja að þær séu líka gerðar á vorönn.

Áfangaskýrslur

Farið var yfir áfangaskýrslur og teknar saman ábendingar, framtíðarsýn og óskir. Flest undir liðnum Framtíðarsýn tengist mest innri málum deilda. Búið er að skila 100 skýrslum en 49 hefur ekki verið skilað. Vantar helst skýrslur úr raungreinum. Þarf að ræða við fagstjóra og finna leiðir til úrbóta. Ekki mörg atriði sem vekja athygli eða þarf að fylgja eftir. Þarf að hafa á dagskrá á fagstjórafundum á hverri haustönn þessa samantekt úr skýrslunum, þannig að einhver eftirfylgni verði alltaf.

Persónuverndarlöggjöf

Alma, Guðjón, Sigurbjörg, Valdís og Þorbjörg fóru á kynningarfund hjá Deloitte á Hótel KEA, um nýja persónuverndarlöggjöf.

Menntabúðir:

Upplýsingaráðgjafar skólans, Anna Eyfjörð, Brynja Finnsdóttir og Kristinn Berg Gunnarsson ásamt þjónustustjóra tölvudeildar, Guðjóni H. Haukssyni, áttu frumkvæði að því í vetur að koma á laggirnar svokölluðum menntabúðum í MA. Um menntabúðirnar segir í kynningu:

Aðalmarkmiðið með #MenntMA er að skapa tíma og vettvang fyrir kennara til þess að ræða helstu mál sem brenna á okkur og læra hvert af öðru. Eins og skipulag skólaársins hefur verið ná kennarar mjög illa saman nema í þröngu samhengi. Enda þótt frumkvæðið að þessu komi frá UT-ráðgjöfum skólans þá er ætlunin alls ekki að upplýsingatæknin sé allsráðandi í efnistöku, heldur verðum við að geta rætt um allt hvað eina sem eflir okkur í starfi.

Lærdómssamfélag er sem sagt stikkorðið og þá markmiðið að við lærum hvert af öðru eins og einn hópur: jafningjarnið starfsþróun þvert á fög og deildir. Málefni eru ýmisleg og mörg og alveg ljóst að ekki geta allir komist á allar málstofur. Því er sérlega mikilvægt að allir geti skyggst inn í vinnu annara hópa og séð um hvað var rætt, hvort einhver sérstök álitamál hafi komið upp eða jafnvel einhverjar niðurstöður.

Efnistökið málstofanna í menntabúðum koma frá starfsfólkinu sjálfu í gegnum kannanir sem UT-ráðgjafar stýra og vinna síðan úr. Margt hefur komið upp úr dúrnum og á málstofum hefur verið fjallað um leiðir til bekkjastjórnunar, OneNote Classroom, upptökur á kennslumyndböndum, Nearpod, forritun í framhaldsskólum, þróun námsmats, náms- og starfsumhverfið í MA, samfélagsbreytingar framundan og áhrif þeirra á skóla, ritgerðasmíð frá A til Ö, hagnýtingu Microsoft Forms í kennslu, Turnitin, ImmerseMe og ýmislegt fleira. Við höfum líka fengið gestafyrirlestra frá nemendum og frá Britannica Online.

Fyrirkomulag menntabúða er þannig að síðasta kennslustund ca. einu sinni í mánuði og alltaf á ólíkum vikudögum er tekin undir menntabúðir og eru þátttakendur beðnir um að skrá sig. Léttar veitingar hafa verið í boði fyrir þátttakendur í upphafi og stundum hefur heppinn þátttakandi unnið eitthvað hagnýtt í happdrætti eins og USB-heyrnartól, þráðlausan glæruflöttara, þráðlaust lykklaborð og mús o.s.frv.

Mikil ánægja hefur verið með þessar menntabúðir og víst að meðan svo er verður haldið áfram á svipaðri braut.

Sharepoint og Teams:

Kennarar hafa haldið utan um skjöl faggreina sinna á sérstöku svæði á Sites (Faggreinar) í fjögur ár eða síðan haustið 2014. Strax í upphafi var sniðinn frekar þröngur stakur utan um þetta vinnusvæði, enda var ætlunin sú að hægt væri með mjög einföldum hætti að kalla fram skjöl af ákveðnum

gerðum, eftir ákveðnum önnum, eftir ákveðna höfunda o.s.frv. Það verður að viðurkennast að þetta vinnuumhverfi hentar ekki vinnulagi kennara, enda fólk með ólíkar þarfir og kunnáttu og ólík vinnu- og samskiptamenning í hverri deild fyrir sig.

Nú er ætlunin að reyna að frelsa kennara undan þessu oki sem faggreinasvæðið er með því að gefa hverri faggrein og hverju teymi fyrir sig sérstakt vinnusvæði og samskiptavettvang utan faggreinasvæðisins. Þar verða engar reglur aðrar en þær sem hvert teymi kemur sér saman um.

Þessi vinnusvæði eru sett upp sem Office 365 hópar með Microsoft Teams viðmótið ofan á. Lengi hefur loðað við Office 365 að tækin séu of mörg og of margar leiðir að hverju markmiði. En hugsunin að baki Microsoft Teams er sú að þar sé hægt að nálgast öll hugsanleg tæki sem vinnuteymið kemur sér saman um að nota.

Til að byrja með verður stutt við nokkra tilraunahópa á þessari vegferð og ef vel gengur verður þetta vinnuumhverfi innleitt í öllum deildum haustið 2019. Þessir tilraunahópar eru gæðaráð MA, kynningarnefnd, kennarar í dönsku, ferðamálafræði, þýsku, eðlisvísindum og vísindasögu.

Starfslýsingar og jafnlaunavottun

Skólameistari, fjármálastjóri og brautastjóri fóru á fund í Advania um jafnlaunavottun. Allar starfslýsingar þarf að endurskoða. Jafnlaunavottun þarf að vera tilbúin í lok árs 2019.

Áfangamat

Markmið

Markmið áfangamats er að bæta skólastarf, draga fram sterkar og veikar hliðar og veita kennurum, faggreinum og skólastjórnendum upplýsingar. Á grundvelli niðurstaðna verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Í áfangamati er nemendum gefið tækifæri til að meta nám og kennslu.

Forsendur

Áfangamat er hluti af því innra mati sem hverjum framhaldsskóla er skylt að sinna skv. [41. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008](#), og [reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum 700/2010](#).

Fyrirkomulag/framkvæmd

Framkvæmd áfangakannana og hvaða áfangar eru metnir hverju sinni er í samráði við fagstjóra. Gert er ráð fyrir að hver áfangi sé metinn eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Áfanginn getur þó verið metinn oftar sé þess óskað s.s. vegna breytinga á áfanganum. Áfangamat er að jafnaði lagt fyrir á síðustu þremur vikum annarinnar.

Eftirfylgni

- Kennarar fá niðurstöður í sínum áföngum. Stjórnendur ræða við kennara um niðurstöður og starfið í heild. Áfangamatið er notað sem hluti af starfsmannasamtölum.
- Fagstjórar fá ópersónugreinanlegar niðurstöður um áfanga sem heyra undir þá og ræða þær með sinni deild. Deildin tekur afstöðu til þess hvort matið sé ásætlanlegt út frá markmiðum deildarinnar eða hvort eitthvað þurfi að bæta. Niðurstöður úr þeirri umræðu skila sér til gæðaráðs
- Gæðaráðið fær allar niðurstöður og tekur saman skýrslu þar sem heildarsamantekt birtist. Hún er svo kynnt á kennarafundi, í skólanefnd og á skólaráðsfundi þar sem nemendur eiga fulltrúa.

Áfangamat vor 2018

Áhersla lögð á nýja námskrá, þ.e. 1. og 2. bekk. Fagstjórum er þó gefinn kostur á að óska eftir mati í fleiri áföngum.

Áfangamat var lagt fyrir 2. til 9. maí. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir. Gæðaráð fann eina kennslustund í hverjum bekk í 1. og 2. bekk til að svara áfangamati.

Tekin var upp sú nýbreytni að leggja áfangamatið fyrir í gegnum Innu. Fyrirlögnin reyndist umtalsvert einfaldari en undanfarin ár og krafðist mun minni handavinnu en við fyrra kerfi.

Áfangamatið var lagt fyrir í 122 hópum, 38 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 2771 og fjöldi svara var 2268, svo að svarhlutfallið var 82%.


Áfangar í áfangamati vor 2018

- Enska
 - ENSK2BB05
 - ENSK3BÁ04
- Ferðamálafræði
 - FERÐ2AK05
- Félagsgreinar, saga og heimspeki
 - FÉLA2AA05
 - NÝNE1FO01
 - SAGA2FM05
 - SAGA2SÖ05
 - SAGA3MG05
 - SÁLF2IN05
 - SIÐF2FH05
- Íslenska
 - ÍSLE3FR05
- Læsi
 - LÆSI2ME10
 - LÆSI2NÁ10
- Stærðfræði
 - STÆR2FF05
 - STÆR2RU06
 - STÆR3HL06
 - STÆR3HX06
- Raungreinar og íþróttir
 - BHBL2VA05
 - EÐLI3TV06
 - EFNA2AA05
 - EFNA3LR05
 - HEIL1HN02
 - HEIL1HS01
 - HEIL1HP01
 - LÍFF1GL05
 - LÍFF2LE05
 - LÍFF3LE05
- Önnur erlend tungumál
 - DANS2AA05
 - FRAN1BB05
 - FRAN1CC05
 - FRAN1RB04
 - FRAN2DD05
 - MENN2LÖ04
 - SPÆN1AA05
 - ÞÝSK1BB05
 - ÞÝSK1CC05
 - ÞÝSK1RB04
 - ÞÝSK2DD05

Helstu niðurstöður


Ég er sátt/ur við framkomu kennarans

1. Mjög sammála	55% (1479/2665)
2. Sammála	27% (731/2665)
3. Hvorki né	10% (269/2665)
4. Ósammála	5% (136/2665)
5. Mjög ósammála	2% (50/2665)




Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum

1. Mjög sammála	49% (1103/2231)
2. Sammála	41% (911/2231)
3. Hvorki né	7% (161/2231)
4. Ósammála	2% (48/2231)
5. Mjög ósammála	0% (8/2231)




Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum

1. Mjög sammála	43% (957/2229)
2. Sammála	37% (834/2229)
3. Hvorki né	12% (272/2229)
4. Ósammála	5% (111/2229)
5. Mjög ósammála	2% (55/2229)




Kennarinn vekur áhuga minn á námsefninu

1. Mjög sammála	35% (946/2668)
2. Sammála	28% (737/2668)
3. Hvorki né	20% (544/2668)
4. Ósammála	10% (266/2668)
5. Mjög ósammála	7% (175/2668)




Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum

1. Mjög sammála	49% (1293/2662)
2. Sammála	30% (806/2662)
3. Hvorki né	13% (351/2662)
4. Ósammála	5% (139/2662)
5. Mjög ósammála	3% (73/2662)




Nemendur eru hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga

1. Mjög sammála	38% (841/2224)
2. Sammála	37% (833/2224)
3. Hvorki né	19% (425/2224)
4. Ósammála	5% (101/2224)
5. Mjög ósammála	1% (24/2224)




Kennari útskýrir námsefnið vel

1. Mjög sammála	44% (1179/2660)
2. Sammála	33% (883/2660)
3. Hvorki né	13% (355/2660)
4. Ósammála	6% (149/2660)
5. Mjög ósammála	4% (94/2660)




Námsmatið hvetur mig til að vinna jafnt og þétt alla önnina

1. Mjög sammála	27% (596/2228)
2. Sammála	33% (744/2228)
3. Hvorki né	26% (581/2228)
4. Ósammála	9% (192/2228)
5. Mjög ósammála	5% (115/2228)



Mér finnst álagið í áfanganum vera

1. Of mikið	11%	(235/2224)
2. Mikið	19%	(421/2224)
3. Hæfilegt	58%	(1288/2224)
4. Lítið	11%	(251/2224)
5. Of lítið	1%	(29/2224)



Viltu nefna eitthvað jákvætt um áfangann eða eitthvað sem vel er gert?

Fjöldi svara: 834 af 2268

Svarhlutfall: 37%

Viltu nefna eitthvað sem betur mætti fara í áfanganum?

Fjöldi svara: 766 af 2268

Svarhlutfall: 34%

Námskrárvinna

Síðustu ár hefur farið fram mikil vinna við að hanna nýjar námsbrautir sem koma til móts við tilmæli ráðuneytis um fækkun námseininga til stúdentsprófs. Haustið 2016 voru fyrstu nemendurnir innritaðir í skólann skv. nýrri skólanámskrá sem miðar að sveigjanlegum námslokum nemenda þar sem markmiðið er að nemendur geti lokið námi á þremur til fjórum árum. Lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er 200 einingar en nefnd sem vann að undirbúningi nýrrar námskrár í MA, í nánú samstarfi við kennara skólans, lagði til að baki stúdentsprófi í MA yrðu 210 einingar. Fyrsti nemendahópurinn í nýrri námskrá hóf því nám sem miðaði að 210 eininga stúdentsprófi. Skóladagur þessara nemenda lengdist að meðaltali um eina kennslustund á dag miðað við námskrá frá 2010 og nemendur tóku að jafnaði 33-34 einingar á önn en áður var meðaltalið 30 einingar. Fljótlega kom í ljós að álag á nemendur var of mikið og því var ákveðið að fækka einingum um 10 og hafa stúdentsprófið 200 einingar eins og lágmarksviðmið ráðuneytis kveður á um.

Frá fyrstu stundu má því segja að skólanámskráin hafi tekið breytingum og verið í sífelldri þróun. Fyrstu námsbrautalýsingarnar voru sendar í staðfestingarferli á vorönn 2017 en voru ekki samþykktar vegna of óljósra inntökuskilyrða ásamt því að skólinn uppfyllti ekki skilyrði um fjölda eininga á 1. þrepi. Komið var til móts við þær athugasemdir, inntökuskilyrðum var breytt og áfangar færðir til á þrepum, og endanlegar brautalýsingar voru sendar til Menntamálastofnunar í lok nóvember 2017. Brautalýsingarnar voru samþykktar af hálfu stofnunarinnar og sendar til staðfestingar í ráðuneyti í byrjun desember. Brautirnar voru síðan samþykktar í menntamálaráðuneytinu um miðjan mars 2018. Þá hafði ein braut, kjörnámsbraut, bæst í hóp þeirra fjögurra námsbrauta sem áður er búið að nefna.

Samhliða þessari vinnu hefur farið fram vinna við að setja inn áfangalýsingar á námskrárvef ráðuneytisins, namskra.is. Sú vinna hófst vorið 2016 en þá voru áfangalýsingar allra áfanga í kjarna og brautarkjarna námsbrauta settar inn á vefinn. Nokkuð hefur þurft að breyta þeim lýsingum vegna breytinga á þrepum sem áður hafa verið nefndar. Nú á vorönn hafa áfangalýsingar fyrir valáfanga verið settar inn á námskrárvefinn og er sú vinna langt komin. Einungis á eftir að samþykkja nokkra áfanga og breyta öðrum og mun þeirri vinnu ljúka áður en skóli hefst í haust.

Sl. vor hófst samvinna á milli MA og TA um tónlistarbraut við skólann. Hugmyndin var sú að nemendum á svæðinu stæði til boða sambærilegur valkostur í tónlistarnámi á framhaldsskólastigi og boðið er upp á við Menntaskólann í tónlist sem starfræktur er í Reykjavík. Samvinnan þróaðist í þá átt að vera hluti af samvinnu framhaldsskóla á Norðausturlandi og var MA í raun fulltrúi framhaldsskólanna í þeirri vinnu að móta braut fyrir nemendur sem langt eru komnir í tónlistarnámi. Niðurstaðan úr þessari vinnu var sú að í öllum skólunum gætu nemendur innritast á opnar brautir/kjörnámsbrautir með tónlistarsérhæfingu frá tónlistarskólum á svæðinu. Kjörnámsbraut með tónlistarsérhæfingu í MA var afrakstur þessarar vinnu. MA tók að sér að aðstoða fulltrúa frá TA við að móta áfangaheiti, áfangalýsingar og þrepasetja til samræmis við Aðalnámskrá framhaldsskóla. Einnig sá skrifstofustjóri MA um að setja áfangalýsingar frá TA inn í námskrárgrunn.

Ný námskrá kallar á endurskoðun á ýmsum reglum sem tengjast náminu. Á vorönn 2017 var stofnuð svokölluð námskrárnefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða og uppfæra reglur skólans til samræmis við nýja námskrá. Þeirri vinnu er að mestu lokið, búið er að fara yfir reglur um nám og ýmsar aðrar reglur skólans, ásamt því að búið er að uppfæra ýmsar upplýsingar sem tengjast skólanum. Enn á þó eftir að koma breyttum reglum á vef skólans og verða þær settar á nýjan vef í haust. Einnig á eftir að lesa yfir ýmsa þætti á vefnum er tengjast skólanum og því er lagt til að námskrárnefnd starfi eina önn til viðbótar.

Samvinna við VMA

Á haustönn var fundað með VMA um möguleika þess að skólarnir byðu upp á valgreinar þvert á skóla. Fundinn var tími fyrir sameiginlega valblokk á vorönn og nokkrir nemendur í hvorum skóla riðu á vaðið og tóku valgrein í hinum skólanum. Þegar val næsta skólaárs var kynnt, voru nokkrar valgreinar í VMA inni í valgreinalistanum, og voru einir 20 MA-ingar sem völdu greinar í VMA en ívið færri á hinn veginn. Að öllum líkindum er þetta samstarf komið til að vera. Einnig var rætt um möguleika þess að kennarar gætu kennt þvert á skóla og væntanlega munu kennarar í VMA sjá um hagfræðikennslu í MA næsta ár, sem annars er erfitt að manna.

Ytra mat á starfi skólans

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans á vorönn 2017.

Endanleg skýrsla var send skólanum 31. maí. Hún hefur verið birt á vef skólans, kynnt á kennarafundi, skólanefndarfundi og einnig sagt frá henni á húspingi alls starfsfólks í september 2017.

Skólinn hafði frest til 15. nóvember 2017 til að skila inn áætlun um hvernig brugðist verður við úrbótatillögum í skýrslunni.

Aðgerðaráætlun fylgir með sem fylgiskjal.

Stofnun ársins

MA var í 12. sæti stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri. Svarhlutfall var 63%. Starfsfólk fékk niðurstöðurnar sendar í tölvupósti og heildarskýrslan verður birt á vef skólans. Niðurstöðurnar voru einnig kynntar á kennarafundi.

Stjórnendafundir

Stjórnendafundir eru haldnir einu sinni í viku, á þriðjudagsmorgnum. Þar eru tekin fyrir dagskrá vikunnar, fundir undirbúnir, kennsluskipting, val og vinna við námskrá, málefni nemenda og starfsmanna, samstarf við aðra skóla, stefnu- og áætlanagerð og svo framvegis. Fundargerðir eru skrifaðar á fundunum. Starfsfólk er hvatt til að koma á fundi ef það vill ræða sérstök mál.

Breytingar á móttöku nýnema

Fólust einkum í því að skólinn skipulagði móttöku meðan 4. bekkur var enn í útlöndum. Tíminn sem 4. bekkur hafði til umráða í „busun“ var stytur en þó var margt enn með sama hætti.

Miðlæg stöðupróf hafa verið lögð niður og olli það nokkrum vandræðum fyrir nemendur sem hafa verið skiptinemar. MH bauð þó áfram upp á próf í norsku og sænsku og VMA var með próf í hollensku. Unnið var að því í samstarfi við kennara að semja stöðupróf í spænsku og var það reynt í fyrsta sinni nú á vordögum. Prófið var þó ákveðið með of stuttum fyrirvara til þess að hægt væri að bjóða upp á það í öðrum skólum en verður vonandi hægt næst.

Gestir á stjórnendafundum

21. ágúst: Náms- og starfsráðgjafar um nýnemamóttöku.

10. október: Fjármálastjóri um kennsluskiptingu út frá Innu og vinnumati.

31. október: Hildur Hauksdóttir mætir á fundinn og segir frá heimsókn sinni og Maiju til Finnlands (fyrir styrk úr Sprotasjóði).

10. nóvember: Náms- og starfsráðgjafar. Tilgangur fundarins er að fara yfir ýmis atriði sem komu fram í skýrslu um ytra mat (tillögur til umbóta) og eiga snertiflöt við námsráðgjafa/forvarnateymi.

14. nóvember: Fagstjórar í stærðfræði og raungreinum, Eyrún Gígja og Hólmfríður Þorsteinsdóttir. Tilgangur fundarins er að fara yfir ábendingu sem fram kom í skýrslu um ytra mat (tillögur til umbóta) um að kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum.

28. nóvember. Selma og Hafdís koma á fundinn til að ræða viðbrögð skólans við nemendum sem innritast með C í dönsku.

5. desember og 30. janúar: Hildur verkefnisstýra hraðlínu. Veltum fyrir okkur framtíð og fyrirkomulagi hraðlínu og hvernig vekja eigi athygli á hraðlínu í breyttu umhverfi.

4. janúar: Kolbrún jafnréttisstýra um fræðsluerindi á mörsugsmessu.

6. febrúar: Fjármálastjóri um kennsluskiptingu og kennslumagn.

6. mars: Náms- og starfsráðgjafar um kynningarfund fyrir foreldra 10. bekkinga.

20. mars: Fjármálastjóri um endurskoðun starfslýsinga og athugasemdir vinnueftirlits.

10. apríl: Björn Vigfússon um starf fagstjóra.

24. apríl: Fagstjóri í stærðfræði um skipulag í stærðfræði þar sem ekki er leyfilegt að láta alla nemendur á MMB og FB taka 1. þreps áfanga í stærðfræði.

8. maí: Jafnréttisstýra kynnir niðurstöður könnunar á vegum jafnréttisráðs.

Ýmsir aðrir fundir

Húsping og mörsugsmezza

Áætlaður vinnufundur kennara í nóvember felldur niður vegna veðurs

Skólafundur í febrúar

Kynningarfundir (um hraðlínu, fyrir 10. bekkinga)

Fundur með stjórnendum, kennurum og námsráðgjöfum grunnskóla

Fagstjórafundir

Fundur með fulltrúa frá Barnavernd og lögreglunni um verklagsreglur um tilkynningarskyld mál.

Bekkjafundanámskeið

Fundur með stjórnendum VMA og TA

Fundur raungreinakennara í MA, VMA og HA

Næstu skref

Næstu skref gæðaráðs er áframhaldandi vinna á gæðahandbókinni, gefa út þá ferla sem búið er að vinna og fylgja þeim eftir, t.d. varðandi ábendingar/kvartanir, próf, námsáætlanir o.fl. og kynna handbókina fyrir starfsfólki. Ekki gafst tóm til að vinna úr áfangamati sem nokkru nemur, og því þarf að taka það upp á fundi á haustdögum með fagstjórum og gera áætlun um starfsmannviðtöl. Áfangamat verður lagt fyrir báðar annir. Hlýtt á nemendur var frestað til næsta árs og ennfremur þarf að huga að enn fleiri leiðum til að meta nýja námskrá, einnig með Hlýtt á starfsfólk. Væntanlega verður sama vinnulagi fylgt, gæðaráðið hittist allt á 3-4 vikna fresti en vinnur að verkefnum þess á milli. Stjórnendur funda vikulega. Mikill tími fer í vinnu við ferlana, og er nauðsynlegt að einhver haldi utan um þá vinnu næsta vetur og hafi skilgreindan vinnutíma til þess.

Dæmi um viðfangsefni næsta árs:

- mat á nýrri námskrá, áfangakannanir, hlýtt á nemendur og starfsfólk
- kynna niðurstöður áfangakannana á kennarafundi, skólanefndarfundi og skólaráðsfundi
- halda áfram vinnu í námskrárnefnd
- starfsmannasamtöl
- fylgja eftir aðgerðaráætlun vegna ytra mats
- undirbúningur fyrir brautskráningu 2019 og önnur verkefni tengd því að hafa tvo árganga á lokaári
- móttaka nýnema
- fullveldisafmælið
- nýr vefur
- kynningar á skólanum
- námskeið/kynning á tölvukerfinu fyrir nýja kennara og aðra áhugasama
- Menntabúðir

- yfirvinna, fjöldi hópa
- ábendingar frá fyrra ári, t.d. málefni frá jafnréttisstýru, álag í áföngum, gera verkefnatöflur aðgengilegar nemendum, tilfærsla á þýsku í ferli félagsgreinabrautar
- vinna við gæðahandbók, halda áfram að teikna upp ferla og gefa þá út, kynna gæðahandbók fyrir starfsfólki
- nýr upprifjunaráfangi í dönsku fyrir nemendur sem innritast með C í dönsku
- eftirfylgni bekkjafundanámskeiðs, m.a. á húspingi
- kynna betur skólareglur, m.a. í nýnemafræðslu og í umsjónartímum
- bæta aðbúnað nemenda, til dæmis í Kvosinni
- viðræður við ráðuneytið um fjárheimild til að ljúka tilfærslu skólaársins
- breytingar á starfsmannahaldi og fækkun nemenda í þriggja ára skóla
- undirbúa fjölbreyttara námsframboð, kanna möguleika á kjörnámsbraut í leiklist og sveigjanlegra kennsluform með fjar-, dreif-, stað- og lotunámi/kennslu, halda áfram vinnu við að fjölga nemendum í raungreinum

Tillögur um umbætur

- Bæta hljóðvist og loftgæði í skólanum
- Bæta aðbúnað nemenda, til dæmis í Kvosinni
- Draga úr sveiflum í álagi á nemendur, m.a. með álagstöflu sem verður nemendum aðgengileg
- Breyta formi á fundargerðum gæðaráðs til að auðvelda yfirsýn
- Ljúka tilfærslu skólaársins

Starfsáætlun gæðaráðs

Veturinn 2017-2018

September

- Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins og starfsrammi til þriggja ára þar á eftir. Uppfært á vef skólans.
- Fara yfir síðustu sjálfsmatsskýrslu og setja mál í ferli.
- Skrifa skýrslu vetrarins 2016-2017.
- Fara yfir námsáætlanir haustannar og fylgja eftir skilum. Búa til sniðmát fyrir námáætlanir sem er inni á svæðum faggreina.
- Byggja upp gæðahandbók (allan veturinn). Setja ferla upp á tölvutækt form og ganga frá skjölum.

Október

- Fara yfir áfangaskýrslur vetrarins 2016-2017 og taka saman ábendingar, framtíðarsýn og óskir.
- Undirbúa áfangakannanir og ákveða nýtt fyrirkomulag. Ræða á fagstjórafundi.
- Fara yfir skýrslu um ytra mat.
- Fara yfir uppbyggingu gæðahandbókar.
- Fara yfir stöðu skjala í gæðahandbók og halda áfram að vinna að gæðaskjölum.

Nóvember

- Senda inn tillögur að úrbótum vegna ytra mats.
- Vinnsla gæðaskjala.
- Undirbúningur áfangakannana (fagstjórafundur).
- Koma ferli ábendinga í fast form.

Desember

- Vinnsla gæðaskjala.
- Prófkafli prufukeyrður.

Janúar

- Umfjöllun/kynning á umbótatillögum vegna ytra mats á starfsmannafundi.
- Finna eftirmann Sibbu.
- Vinnsla gæðaskjala.
- Koma ferli ábendinga í fast form.

Febrúar

- Undirbúa Hlýtt á nemendur.
- Prófkafli tilbúinn í gæðahandbók.

Mars

- Stöðufundur um gæðaskjöl.
- Vinnsla gæðaskjala.

Apríl/maí

- Áfangakannanir lagðar fyrir. Byrja í vikunni eftir 1. maí. Undirbúningur 27. apríl.
- Vinnsla gæðaskjala.

Mái

- Úrvinnsla áfangakannana.
- Niðurstöður áfangakannana kynntar kennurum og fagstjórum og teknar fyrir á deildarfundum.
- Vinnsla gæðaskjala.
- Niðurstöður áfangakannana kynntar kennurum og fagstjórum og teknar fyrir á deildarfundum.

Mái/júní

- Vinna að umbótaáætlun og gera drög að starfsáætlun næsta vetrar.
- Skrifa skýrslu.
- Vinnsla gæðaskjala.

Veturinn 2018-2019

Haustönn

Áfangamat

Vorönn

Áfangamat. Hlýtt á starfsfólk.

Kynning á gæðahandbók fyrir starfsfólk.

Veturinn 2019-2020

Haustönn

Áfangamat

Vinna við gæðahandbók.

Úrbótatillögur vegna ytra mats (unnið að þeim).

Vorönn

Áfangamat. Foreldrakönnun. Hlýtt á nemendur.

Veturinn 2020-2021

Haustönn

Áfangamat

Vorönn

Áfangamat. Hlýtt á starfsfólk.

Kynning á gæðahandbók fyrir starfsfólk.

Veturinn 2021-2022

Haustönn

Áfangamat. Hlýtt á nemendur.

Vorönn

Áfangamat.

Viðbrögð við ytra mati

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Skýra þarf verkferla betur.	Ritun gæðahandbókar. Gerð áætlun h2017 hvaða verkferlar verða skráðir í vetur.	Gæðaráð	h2016	v2018	Gátlisti gæðaráðs, farið yfir hvort búið er að skrá verkferla skv. áætlun frá h2017
Tryggja þarf að verkferlum sé fylgt.	Gerð úttektaráætlun fyrir verkferla. Allir ferlar skoðaðir með reglubundnum hætti.	Gæðaráð	v2018	v2018	Gátlisti gæðaráðs, kanna hvort farið sé eftir verkferlum.
Birt skipurit gæti auðveldað yfirsýn yfir skipulag og tengsl starfa.	Búa til skipurit og birta á vef skólans	Skólameistari	okt.17	des.17	Komið skipurit, búið að birta á vef skólans og kynna hlutaðeigandi.
Starfsmannasamtöl fari fram reglubundið.	Uppfæra skjal yfir starfsmannasamtöl. Gera áætlun um umfang starfsmannasamtala næstu tvö ár. Tryggja að starfsmaður geti komið í starfsmannaviðtal annað hvert ár, sbr. starfsmannastefnu.	Skólameistari og aðstoðarskólameistari	okt.17	des.17	Komin áætlun og uppfært skjal á svæði stjórnenda. Fara yfir á stjórnendafundi hvort allir hafi annað hvort komið eða verið boðið viðtal annað hvert ár.
Unnið verði úr niðurstöðum sjálfsmats með markvissari hætti.	Fara skipulega yfir umbótatillögur sjálfsmatsnefndar og gera gátlista yfir viðbrögð.	Gæðaráð	sep.17	okt.17	Gæðaráð fer yfir tillögur og fylgist með hvort stjórnendur hafi brugðist við atriðum á gátlistanum.
Mat á líðan nemenda verði liður í sjálfsmatsáætlun skólans.	Rýna markvisst í þau gögn sem skólinn hefur, t.d. könnunin Ungt fólk, skýrslur námsráðgjafa og skólasálfræðings. Ekki er gert ráð fyrir að leggja fyrir sér könnun.	Gæðaráð og stjórnendur	okt.17	jan.18	Ef stjórnendur telja ástæðu til að grípa til aðgerða þá verði skráð hvert því hafi verið vísað.

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Skýra verkferla við gerð kennsluáætlana til að auka gæði þeirra.	Búa til sniðmát og fara yfir skil á áætlunum.	Brautastjórar	vor 17	sep.17	Farið yfir áfangalista og kallað eftir áætlunum sem vantaði.
Kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum.	Skoða kynningar fyrir grunnskólanemendur. Færri sækja nú um raungreinabrautir nú en áður. Auka tengsl við raungreinakennara í grunnskólum. Vinna gegn því orðspori að stærðfræðin hér sé alltof erfið. Fundur með foreldrum 1. bekkjar.	Náms- og starfsráðgjafar Stjórnendur og fagstjórar í raungreinum og stærðfræði Stjórnendur	nóv.17	vor 2019	
Bæta not námsumsjónarkerfis.	Fræðsla fyrir nýja kennara um námsumsjónarkerfi. Verklagsreglur í skólanum að allir kennarar noti námsumsjónarkerfi (Moodle eða OneNote) svo að nemendur hafi greiðan aðgang að öllum helstu upplýsingum um áfangana sína.	Stjórnendur og fagstjórar Gæðaráð	haust 2018	vor 2019	Formleg móttökuáætlun fyrir nýja kennara. Námskeið í notkun námsumhverfis að hausti. Verklagsregla verði til.
Móta viðbrögð við truflun á vinnufriði í kennslustundum.	Kynna vel tölvureglur og reglur um fjarvistir fyrir nemendum og nýliðum í kennaraliði og halda þeim á lofti. Móta ferli við alvarlegum truflunum, með fundum með kennurum bekkjar, námsráðgjöfum og öðrum viðeigandi sérfræðingum.	Umsjónarkennarar, námsráðgjafar og stjórnendur	haust 2017	vor 2018	Bréf til umsjónarkennara. Fundargerðir kennarafunda. Ferli um viðbrögð í gæðahandbók.

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Nýta niðurstöður áfangamats markvisst til að bæta kennslu.	Búa til nýtt fyrirkomulag áfangamats. Taka fyrir niðurstöður áfangamats á deildarfundum. Ræða áfangamat í starfsmannasamtölum.	Gæðaráð, fagstjórar, brautarstjórar og aðstoðarskólameistari	haust 2017	vor 2019	Verklýsing fyrir áfangamat. Fundargerðir deildarfunda og fagstjórafunda. Skrá yfir starfsmannasamtöl.
Gera skýra grein fyrir því hvernig unnið er með niðurstöður sjálfsmats.	Færa til bókar á stjórnendafundum hver viðbrögð verða við hverri umbótatillögu. Kynna niðurstöður á kennarafundi. Halda utan um hvaða atriðum er lokið.	Ritari stjórnendafundar og formaður gæðaráðs	haust 2017	vor 2018	Fundargerðir stjórnendafunda. Fundargerðir kennarafunda. Gátlisti gæðaráðs.
Auka þátttöku nemenda í áfangamati.	Ganga í bekki og gefa tíma úr kennslustund til að svara áfangamati.	Gæðaráð	vor 2018	vor 2019	Meðalþátttaka verði a.m.k. 70%.
Huga að mati á áhrifum styttingar námstíma á kennslu.	Taka saman upplýsingar úr gögnum um viðveru, einkunnir, brotthvarf og líðan. Fylgjast hvort verði umtalsverðar breytingar.	Stjórnendur og námsráðgjafar	vor 2018	vor 2020 eða 2021	Birt gögn í skólaskýrslu.
Bæta skráningu á forföllum kennara.	Öll forföll kennara verði skráð í Innu.	Aðstoðarskólameistari	haust 2017	haust 2017	Átak haust 2017.

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Skoða lengd hléa milli kennslustunda.	Færa stundaskrá aftur yfir í fyrra horf.		haust 2017	haust 2017	Stundaskrá er komin í fyrra horf.

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Fylgjast með líðan nemenda frá ýmsum hliðum.	Vinna markvisst með kannanir, t.d. Ungt fólk Leggja fyrir "Hlýtt á nemendur" á eins og hálfis árs fresti Umsjónarkennarar fylgjast með líðan og funda með námsráðgjöfum.	Gæðaráð og náms- og starfsráðgjafar	Er í gangi	Aldrei	Fundur stjórnenda og stoðteymis á hverri önn.
Leggja mat á áhrif styttingar námsins á líðan og hagi nemenda, m.a. með hliðsjón af álagi, lengd skóladags og þátttöku í tómsundum.	Formlegt mat á áhrifum styttingar er ekki á færri skólans, það er frekar hlutverk ráðuneytis. Skólinn fylgist með líðan nemenda og gengi og vinnur úr tölulegum gögnum um árangur, mætingu o.s.frv.	Menntamálaráðuneyti Stjórnendur	haust 2017	vor 2020	Útskriftarhlutfall, mæting, fallprósensur áfanga.
Auka almenna virkni foreldra og tengsl þeirra við skólann.	Halda áfram kynningarfund fyrir foreldra að hausti og upplýsa þá um reglur skólans. Senda foreldrum áfram kynningarbréf og fréttabréf. Hafa annan kynningarfund að vori. Foreldrafélagi lagt lið með aðgangi að starfsmanni. Skipulag skólasetningar miðað að því að liðka fyrir aðalfundi FORMA.	Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar	Er í gangi	Aldrei	Þátttaka á kynningarfundum. Fundargerðir FORMA. Skýrsla FORMA.

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Huga að tengslum kennara til mótvægis við dreifða vinnuaðstöðu.	Sameiginlegir vinnufundir/menntabúðir við upphaf anna og vinnufundir á önnum. Þjóða upp á starfsþróunarkaffi (nýliðakaffi). Styðja við starfsemi STAMA. Halda úti góðu mötuneyti fyrir starfsfólk.	Stjórnendur	Er í gangi	Aldrei	Fundargerðir og fundatöflur. Viðburðaskrá STAMA. Þátttökuskráning í mötuneyti.
Auka þægindi nemenda í alrymi.	Kaupa vönduð húsgögn í Kvosina. Skoða kaup á teppum og púðum.	Stjórnendur	vor 2018	vor 2019	Spurning í "Hlýtt á nemendur"
Athugun á viðhorfum og gengi brautskráðra sett í matsáætlun.	Leggja könnun fyrir 5 ára stúdenta 3. hvert ár. Vinna úr gögnum úr Munin skólablaði um nýstúdenta 5. hvert ár.	Gæðaráð	Vor 2019	Haust 2019	Niðurstöður í skýrslu gæðaráðs.
Greina brotthvarf og viðbrögð við því.	Vinna úr gögnum frá forvarnarteymi um brotthvarf og funda með teyminu til að móta viðbrögð út frá gögnunum.	Stjórnendur	Haust 2017	Vor 2018	Markmið um brotthvarf í samræmi við stefnuskjal skólans.
Auka tengsl við aðra framhaldsskóla.	Samstarf er virkt við skóla á Norðurlandi. Samstarf er í gangi við Tónlistarskóla Akureyrar um tónlistarbraut.	Stjórnendur	Haust 2016 Vor 2017	Vor 2018 Vor 2018	Samstarf um sameiginlega áfanga vorönn 2018. Nemendur hefja nám á tónlistarbraut. Ráðstefna um samstarf starfsfólks í framhaldsskólum á Norðurlandi eystra.

Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Taka á ný upp samstarf við SÍMEY og HA.	Skólinn á fulltrúa í stjórn SÍMEY annað hvert ár og á fulltrúa í ár. Samstarf raungreinakennara í MA, VMA og HA. Námskynningar nemenda á hverju ári.	Skólameistari Brautarstjóri NB og RB Náms- og starfsráðgjafar	Haust 2017 Haust 2017	Vor 2018 Vor 2018	Fundarsókn fulltrúans. Greinargerð eftir samstarfsfund.